

## AUGLÝSING

### um breytingar á samningi við Kanada um samframleiðslu á sviði hljóð- og myndverka.

Samningur um breytingar á samningi um samframleiðslu á sviði hljóð- og myndverka milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Kanada frá 15. október 1997, sem gerður var í Ottawa 28. mars 2003, öðlaðist gildi 11. desember 2003, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1998 þar sem samningurinn frá 15. október 1997 er birtur.

Samningurinn um breytingar er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utarríkisráðuneytinu, 31. desember 2003.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

#### Fylgiskjal.

**SAMNINGUR**  
um breytingar á samningi um  
samframleiðslu á sviði hljóð- og myndverka  
milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og  
ríkisstjórnar Kanada sem var undirritaður  
15. október 1997.

RÍKISSTJÓRN LÝÐVELDISINS ÍSLANDS  
OG RÍKISSTJÓRN KANADA, hér eftir nefndar  
„sammingsaðilar“;

ÆSKJA ÞESS að breyta samningnum um  
samframleiðslu á sviði hljóð- og myndverka sem  
gerður var í Washington 15. október 1997;

HAFÁ KOMIÐ SÉR SAMAN UM að breyta  
eftirfarandi greinum:

#### I. gr.

*Breyting á 2. mgr. 6. gr.*

2. mgr. skal hljóða svo:  
„2. Lágmarksframlag frá kanadískum framleið-  
anda má ekki vera minna en 20%, en 10%  
lágmarksframlag frá aðildarríkjum Evrópu-  
sambandsins og/eða Evrópuráðsins getur  
einungis komið til þegar um er að ræða  
fjölbjóðlega samframleiðslu.“

#### II. gr.

*Ákvæði um samstæðuverkefni verður bætt við  
samninginn á eftir 7. gr. og verður*

*8. gr., 1. og 2. mgr.*

Greinin skal vera svohljóðandi:

- „1. Á grundvelli sammings þessa er heimilt, með

**AGREEMENT**  
amending the Audiovisual Co-production  
Agreement between the Government of the  
Republic of Iceland and the Government of  
Canada signed on October 15, 1997

THE GOVERNMENT OF THE REPUBLIC  
OF ICELAND AND THE GOVERNMENT OF  
CANADA, hereinafter referred to as the  
“Contracting Parties”;

DESIRING to amend the Audiovisual Co-  
Production Agreement, done at Washington on  
October 15, 1997;

HAVE AGREED to modify the following  
Articles:

#### ARTICLE I

*Amendment to Article 6, paragraph (2)*

- Paragraph 2 shall read as follows:  
“2. While the minimum financial contribution  
for a Canadian producer cannot be less than  
20%, a 10% minimum financial contribution  
by European Union and/or Council of Europe  
members can be made only in the case of a  
multipartite co-production.”

#### ARTICLE II

*A provision on Twinning will be added to the  
Agreement following Article 7 and become  
Article 8 (1) and (2))*

The Article shall be as follows:

- “1. For the present purposes, productions pro-

samþykki bærra yfirvalda, að líta á samstæðuverkefni sem samframleiðsluverkefni sem geti notið styrkja á sama hátt og önnur slík. Þegar um samstæðuverkefni er að ræða er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 3. gr., að takmarka gagnkvæma þátttöku framleiðenda frá hvoru landi um sig við fjárframlag, án þess þó að það útiloki listrænt eða tæknilegt framlag þeirra.

2. Verkefni af þessu tagi geta ekki hlotið samþykki bærra yfirvalda nema þau fullnægi eftirtöldum skilyrðum:
  - fjárfesting samframleiðenda skal vera gagnkvæm í báðum tilvikum og jafnræði vera með þeim að því er varðar skilyrði fyrir skiptingu tekna af þeim verkefnum sem njóta styrkja sem samstæðuverkefni;
  - samstæðuverkefnum verður að dreifa við sambærileg skilyrði í Kanada og á Íslandi;
  - vinna má að samstæðuverkefnum samtímis eða hvoru á eftir öðru enda sé búið svo um hnúta á síðarnefnda tilvikinu að ekki líði lengri tími en eitt (1) ár frá því að fyrra verkefninu lýkur þar til hið síðara hefst.“

### III. gr.

*Breyting á númeraröð 8. til 18. gr.*

Númeraröð 8. til 18. gr. verður 9. til 19. gr.

### IV. gr.

Breytingarnar á samningnum öðlast gildi þegar hvor aðili hefur tilkynnt hinum að innlendri málsmeðferð hans vegna fullgildingar þeirra sé lokið.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa neðangreindir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað þessar breytingar á samningnum.

GJÖRT í tvíriti í Ottawa hinn 28. mars 2003 á íslensku, ensku, og frönsku og skulu allir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
lýðveldisins Íslands  
Hjálmar W. Hannesson

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
Kanada  
Judith LaRoque

duced under a twinning arrangement may be considered, with the approval of the competent authorities, as co-productions and receive the same benefits. Notwithstanding Article 3, in the case of a twinning arrangement, the reciprocal participation of the producers of both countries may be limited to a financial contribution alone, without necessarily excluding any artistic or technical contribution.

2. To be approved by the competent authorities, these productions must meet the following conditions:
  - there shall be respective reciprocal investment and an overall balance with respect to the conditions of sharing the receipts of co-producers in productions benefiting from twinning;
  - the twinned productions must be distributed under comparable conditions in Canada and in Iceland;
  - twinned productions may be produced either at the same time or consecutively, on the understanding that, in the latter case, the time between the completion for the first production and the start of the second does not exceed (1) one year.”

### ARTICLE III

*Renumbering of Articles 8 to 18*

Articles 8 to 18 will be renumbered to 9 to 19.

### ARTICLE IV

The present Amendment to the Agreement shall come into force when each Party has informed the other that its internal ratification procedures have been completed.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized by their respective Governments, have signed this Amendment to the Agreement.

DONE in duplicate at Ottawa, on this 28th day of March 2003, in the Icelandic, English and French languages, each version being equally authentic.

For the Government  
of the Republic of Iceland  
Hjálmar W. Hannesson

For the Government  
of Canada  
Judith LaRoque